

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2008

frá 7. nóvember 2008

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka
(Neytendavernd) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽¹⁾.
- 2) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2007/64/EB falla úr gildi 1. nóvember 2009 ákvæði tilskipunar 97/5/EB ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að breytingin öð list gildi 1. nóvember 2009.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB):

„16e. **32007 L 0064**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 23b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB):

„eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 25.

- **32007 L 0064**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 (Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“
- 3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) og lið 31e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB):
„– **32007 L 0064**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 (Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“
- 4. Texti liðar 16a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB) falli brott þannig að breytingin öðlist gildi 1. nóvember 2009.

2. gr.

XIX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

- 1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 3a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB):
„– **32007 L 0064**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 (Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“
- 2. Texti liðar 7c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB) falli brott þannig að breytingin öðlist gildi 1. nóvember 2009.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/64/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING SAMNINGSADILA

vegna ákvörðunar nr. 114/2008 um að fella tilskipun 2007/64/EB inn í samninginn

„Samningsaðilar viðurkenna sérstöðu Liechtensteins, en hún er einkum fólgin í því að Liechtenstein og Sviss gerðu með sér samning árið 1980 um að Liechtenstein skyldi tilheyra gjaldmiðilssvæði Sviss. Greiðslur fara því um svissnesk greiðslukerfi. Nauðsynlegt er að taka fullt tillit til þessara almennu aðstæðna.“